Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Niðurjöfnun útsvara 1896-1900

Aðfnr. 1283, örk 2


Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

№ 6. 12/12. Svar. 17/1. Lækkað um 10 kr. (úr 80 í 70).

Reykjavík, 17. desember 1895.

Af niðurjöfnunarskrá þeirri, er nú liggur frammi, sé jeg að jeg á að svara 80 kr. í aukaútsvar næsta ár í stað 60 kr., er jeg hafði þetta ár, sem nú er þegar á enda. Af því að þessi útsvarsupphæð, 60 kr., er í rauninni mikið of há á mér í samanburði við aðra á mínu reki, en sérstaklega af því, að þessi hækkun, sem hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd nú hefur gert á útsvari mínu, er gersamlega ástæðulaus og eins og gripin úr lausu lopti, get jeg ómögulega unað við svo búið.—

Eins og hinni háttvirtu nefnd hlýtur að vera kunnugt byrjaði jeg sem fátækur bóndamaður verzlun fyrir fám árum, og varð þá þegar að taka stórt lán til þess að koma mér upp búðarhúsi því, sem jeg enn nota; ágóðinn af verzlun minni hefur enn ekki orðið svo mikill, að jeg með nokkru móti hafi séð mér fært, að leggja út í þann kostnað, að koma mér upp íbúðarhúsi fyrir mig og fjölskyldu mína, þó allir sjái, að þar á er hin brýnasta nauðsyn, þar sem enginn verzlandi maður í bænum hefur jafnlítið og lélegt húsnæði til íbúðar eins og jeg. Í annan stað er það fullkunnugt, að sláturverzlun hefur verið miklum mun minni í ár en í fyrra, enda er sú verzlun — þó vel gangi — afar-arðlítil, en að hinu leytinu til mjög kostnaðarsöm og umfangsmikil. Það sem kaupmenn þetta ár helzt hafa grætt á af innlendri vöru, er fiskur, en af þeirri vörutegund fæ jeg ekki eitt skippund í mína verzlun. Eptir því sem verzlun mín hefur gengið þ. á., hefði aukaútsvar mitt næsta ár að réttu hlutfalli átt að vera talsvert lægra en í ár. En í öllu falli er það mjög svo ósanngjarnt, og í samanburði við aðra verzlunarmenn hér í bænum á líku eða betra reki, enda rangt, að hækka útsvar mitt nú um einn eyri.—

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg skal í þessu efni leyfa mér til samanburðar fyrst og fremst að benda á kaupmann og snikkara Helga Helgason. Hann á 2 stór íbúðarhús, stórt verzlunarhús tví-loptað og 2 þilskip, sem hann hélt út næstliðið sumar og fiskaði vel á báði. Helgi hefur, eins og allir vita, rekið lengur verzlun en jeg, enda sýnir það sig, að hann hefur hlotið að hafa margfalt meiri hag af verzlan sinni en jeg, þar sem hann þessi síðustu ár hefur komið sér upp 2 þil-skipum, enda hefur hann vitanlega — auk þess sem hann á miklu meiri eignir en jeg — haft margfalt meira í velt-unni þ. á. en jeg, þar sem hann auk annars hefur haft stórmikinn arð af þilskipafiski sínum. Allt um það hefur þó nefndin látið útsvar hans standa í stað. — Hann hafði sem sé 75 kr. þ. á. og sömu útsvarsupphæð hefur hann næsta ár. — Auk þess, sem útsvar mitt hefði að réttu hlutfalli við Helga ekki átt að vera hærra þetta ár en 45-50 kr., þá liggur það í augum uppi, að það er óréttlátt að hækka mitt útsvar úr 60 kr., en láta hans standa í stað, og sízt af öllu nú það nokkurri átt að gera mig útsvarshærri en hann. —

Í annan stað skal jeg leyfa mér að benda á Benedikt S. Þórarinsson kaupmann á Laugavegi; útsvar hans (30 kr.) er látið standa í stað, enda þótt hann vitanlega hafi haft miklu meiri verzlun í ár en í fyrra — hann byrjaði þá að verzla — og hafi þessutan í ár byggt sér stórt og vandað íbúðar- og verzlunarhús. Í samanburði við hann mætti útsvar mitt engan veginn vera hærra en 50 kr. —

Í þriðja lagi skal jeg benda á, að nefndin hefur látið útsvör þeirra Björns Kristjánssonar kaupmanns (60 kr.) og Eyjólfs Þorkelssonar kaupmanns og úrsmiðs (65 kr) óhreyfð; þó að mér sé ekki eins kunnugt um hagi þessara manna, eins og þeirra Helga og Benedikts, þá þykist jeg þó mega fullyrða, að hafi engin ástæða verið til að hækka mitt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

útsvör þeirra, þá hafi heldur engin ástæða verið til að hækka mitt útsvar. —

Loks skal jeg geta þess, að kaupmaður W. J. Bartels, sem rekið hefur alveg samskonar verzlun og jeg þetta ár og í engu minni stíl, er látinn hafa 40 kr. útsvar næsta ár; en með tilliti til þess að hann er nýbyrjaður á verzlun hér, mætti, ef til vill, álíta sanngjarnt, að mitt útsvar næsta ár væri svo sem 10 kr. hærra, enda þótt margir álíti Bartels vel efnaðan mann, sem með engu móti verður sagt um mig. —

Samkvæmt framanskrifuðu leyfi jeg mér því virðingarfyllst að fara fram á, að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd mætti þóknast, að færa útsvar mitt næsta ár niður í 50 kr., en <u>til vara</u> krefst jeg þess, að það verði ekki látið vera hærra en 60 kr., eins og það var þetta ár.

Óski nefndin þess, er jeg reiðubúinn að mæta á fundi hennar og gera ítarlegri grein fyrir högum mínum. —

Virðingarfyllst

Jón Þórðarson

Til

Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

LANDSHÖFÐINGINN YFIR ÍSLANDI.

Reykjavík 5. desember 1895.

Útaf þóknanlegu brjefi hinnar heidrudu nidurjöfnunarnefndar dags. 4. þ. m. þarsem þad er borid undir úrskurd minn hvort rjett sje ad leggja aukaútsvar á 2 kathólska presta og 3 fyrirlida úr hjálprædishernum, er nefndin nafngreinir og sem dvelja hjer í bænum, undanfelli jeg ekki hjermed þjónustusamlega ad tjá nefndinni, ad med því ad jeg eigi fæ álitid ad adalstarfsemi þessara manna geti heimfærst undir ardsöm fyrirtæki, er um rædir í 8. gr. laga nr. 18, 19. okt. 1877 um bæjargjöld í Reykjavík, virdist mjer því ad eins rjett ad leggja á þá aukaútsvar, ad þeir jafnframt hafi hjer tekjur af eign eda einhverri borgaralegri atvinnu, en um þad er mjer eigi nægilega kunnugt.

Magnús Stephensen.

Til

Nidurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8/7.

Bæjarfógetinn í Reykjavík.

Reykjavík 7. d. júlí mán. 1896.

Síðan 28. okt. f. á. hafa eptirtaldir menn fengið aðseturs- og atvinnuleyfi hjer í bænum:

I. Borgarabrjef:

× 1, Árni Eiríksson, Vesturgötu 18.

× 2, Guðjón Sigurðsson, úrsmiður

II. Sveinsbrjef:

1, Kjartan Finnbogason, söðlasmiður

2, Jóhann Jónsson, skósmiður

3, Hannes Hannesson —"—

III. Skipstjóraskírteini:

1, Kristján Páll Bjarnason, skipstjóri

2, Gunnsteinn Einarsson —"—

3, Jafet Ólafsson —"—

IV. Tómthúsmannsleyfi:

1, Ólafur Ólafsson, frá Leirum

2, Guðjón Þórðarson, Hlíðarhúsum

3, Kári Loptsson, Eiði

4, Guðjón K. Helgason, Laugaveg 32

5, Jón Jónsson, Brautarholti

6, Guðrún Jónsdóttir, Lágholti

7, Jón Jónsson frá Rauðamel, nú Austurholti

8, Sigurður Br. Guðmundsson, Guðnabæ

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9, Ólafur Þórðarson, frá Sumarliðabæ
10, Halldór Jónsson, Litlabæ á Grímsstaðaholti
11, Einar Magnússon, Skrauthólum
12, — " — Árnason, Norðurgarði á Skildinganesi.

V. Lausamennskuleyfi:

1, Björn Hjerónýmusson, Vesturg. 59.
2, Jensína Jónsdóttir, Miðgrund
3, Solberg Steingrímsdóttir, Akurgerði
4, Guðrún Friðfinnsdóttir, Vesturg. 23.
5, Marsi Þorsteinsson, Gerði.
6, Sigfús Jónsson, Klapparstíg
7, Kristín Gísladóttir, Laugaveg 17.
8, Guðrún Steinadóttir — " — " —
9, Hólmfríður Hjartardóttir, Bræðraborgarstíg
10, Steinunn Gísladóttir, Pottinum
11, — " — Bjarnadóttir, Laugaveg 27.
12, Kristjana Margrj. Maríusdóttir, Klapparstíg
13, Jóhanna Guðbj. Jónsdóttir, Lindargötu 8.
14, Margrjet Árnadóttir, Bræðraborg
15, Helga Tómásdóttir, Hóli í Kaplaskjóli
16, Guðríður Sigurðardóttir, Lindargötu 8.
17, Vigdís Sæmundsdóttir, Þingholtsstræti 22.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd til leiðbeiningar við aukaniðurjöfnunina þ. á. og um leið til athugunar sendast umsóknarbrjef þeirra manna, er fengið hafa

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Konthúsmennskuleyfi á umræddu tímabili.
Bygg þessi lúð jeg mjer undarsínd, þegar
nefndin hefur notað þau.

Halldór Daníelsson

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

29/10

Bæjarfógetinn í Reykjavík.

Reykjavík 28. d. okt. mán. 1895.

Samkvæmt áætlun um tekjur og gjöld kaupstaðarins 1896, er bæjarstjórnin hefur samið, ber að jafna ~~niður~~ á bæjarbúa aukaútsvörum fyrir það ár, að upphæð 19,887 kr. 73 a., að viðbættum 5–10% eins og lögboðið er. — Það leyfi jeg mjer að tilkynna hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd og ~~um~~ leið geta þess til leiðbeiningar við niðurjöfnun þá, sem nú fer í hönd, að eptirgreindir menn hafa fengið atvinnu- og aðsetursleyfi hjer í bænum síðan 25. júní þ. a.:

I. Sveinsbrjef hafa leyst:

× 1. Jón Erlendsson, trjesmiður (Erl. Arn.)
× 2. Ari Arason, söðlasmiður
4 Kr. 3. Guðmundur Gamalíelsson, bókbindari
× 4. Magnús Hannesson, gull- og silfursmiður (Erl.
× 5. Kristófer Sigurðsson, járnsmiður – B. H.
× 6. Magnús Guðmundsson, skósmiður
× 7. Mattías Mattíasson söðlasm.

II. Tómthúsmannsleyfi:

× 1. Stefán Hannesson, Sandvík
× 2 Guðm. Jafetsson, Toptum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

+ 3. Guðbrandur Björgólfsson, Vesturgötu
+ 4. Ólafur Jónsson, Skuld
+ 5. Þorlákur Halldórsson, Laugavegi 17
+ 6. Guðm. Guðmundsson, Litlagerði
+ 7. Hindrik Halldórsson, Pálshúsum
+ 8. Gísli Einarsson, Melnum. —

Umsóknarbrjef þeirra manna, er tómthúsmannsleyfi hafa fengið, með upplýsingum um efnahag þeirra og ástæður, fylgja hjermeð til athugunar, og óskast þau endursend þegar niðurjöfnunarnefndin hefur notað þau. —

Halldór Daníelsson

Til
niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavik 20/11-95

Jeg vil hjermeð tilkynna hinni heiðruðu Niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkurkaupstaðar, að í ár og framvegis ef jeg lifi, er ekki til neins fyrir nefndina að leggja á mig aukaútsvar því jeg get ekki borgað. jeg er maður öreige. Jeg þakka Guði fyrir meðan jeg get unnið fyrir mjer sjálfur, enn að vinna fyrir öðrum get eg ekki

Virðingarfyllst
Einar Gjölsson

til Niðurjöfnunarnefndar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

№ 1 12/12. Svar 17/1
Lækkað um 10 kr.

Þar jeg hef sjeð í Ísafold að hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd, hefur nú í ár hækkað auka útsvar mitt um 10. kr. — þá vil jeg leyfa mjer virðingarfyllst að skýra nefndinni frá, að verslun hjá mjer í ár og seinast liðið ár, var afar dauf, en tilkostnaðurinn ókemjulega mikill og er en, langt frá því, að það sje nokkuð nálægt veggi að sá tilkostnaður — með byggingar sem jeg kleypti mjer í - í fyrra, sje farinn að bera mjer ávöxt mikla fremur hef jeg á framhaldandi út gjöld — mjer var um megn. Mjer er ekki lagið að berja mjer. — En að hinu — leitinu veit jeg að hin heiðraða niðurjöfnunar nefnd vissi tekjur mínar — og tilkostnað, þá myndi hún nú ekki hafa hækkað á mjer aukaútsvarið heldur lækkað það.

Jeg ætla þó ekki að fara framá, að nefndin lækki aukaútsvar mitt — niður úr því sem það var í fyrra, en að hækka það þó ekki sje um meira en 10 kr. álýt jeg ekki rjett, — einkanlega þegar um enga verulega almenna hækkun útsvara var að ræða. Enn til samanburðar við mína verslun leyfi jeg mjer að nefna hjer þá sem mjer virðast hafa of lítt útsvar

Verslun Edinborg hjer, umsetur tvöfalt, eða því sem nær þrefalt á við mína verslun,
Enska Verslunin hjer Umsetur tvöfalt á við mína verslun.

Fleyri dæmi er óþarfi að nefna, jeg óska að útsvar mitt sje látið vera nú næsta ár, sama og í fyrra.

Reykjavík 10 Desember 1895
virðingarfyllst
[illegible]

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

№ 2. 14/12. Sv. 12/1. Óbreytt.

Til Skatteligningskommissionen.

Reykjavik.

Ved Gennemlæsning af Skattelisten for 1896. ser jeg at der er paalignet mig eta Skattebeløb stort 40 Kr.
Jeg tillader mig derfor at oplyse den ærede Kommission, at jeg ikke oppebærer nogen Løn, men kun modtager hver Uge saa meget som er nødvendigt for mit Underhold, hvilket beløber sig gennemsnitlig til 3. à 4 Kr pr Uge. Som Følge heraf mener jeg at være berettiget til at bede mig fritaget for den mig paalignede Skat.

Reykjavik den 14 December 1895.

Peter Eriksen

Adjutant.

Hjálpræðisherinn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

No 3. 16/12. Svar. 17/1
Lækkað um 5 kr.

Jeg sje á útsvarsskránni fyrir næstkomandi ár, að niðurjöfnunarnefndin ætlar mjer að borga í aukaútsvar 65 krónur sem mjer þykir altof mikið í samanburði við ýmsa aðra; Frá ástæðum og efnum mínum skal jeg nú skýra. þó jeg hafi fengið borgarabrjef sem kaupmaður þá hefi jeg lítið notað mjer það, enda hefur það meira verið til ómaks en ágóða það litið sem jeg hefi átt við verzlun, og er jeg því nú algjörlega hættur við það. iðn mín (úrsmíði) er altaf að rírna eptir því sem úrsmiðir fjölga hjer í bænum og annarstaðar í hjeruðum landsins. Tekjur mínar eru nú þetta ár 960 krónur af verzlun og iðninni; eignir hefi jeg ekki aðrar enn hús það er jeg bý í sem er þó veðsett alt að helmingi fyrir láni úr landssjóði sem jeg verð að borga af 168 kr árlega í vexti og afborgun lán þetta hefi jeg fengið fyrir fáum árum. um peninga eign mína er nefndinni heimilt að grennslast í bönkunum, rentur þær af eru knapt nóga í hálft útsvarið.

Þeir sem jeg vildi leyfa mjer að stinga uppá að hefðu oflátt útsvar í samanburði við mig eru þessir herrar
hr. Halldór Jónsson bankagjaldkyri með jafnt útsvar og jeg. hann hefur víst um 3000 kr. laun um árið. og að öðru leiti bærilegar ástæður.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hr. Haldór Kr. Friðriksson fyrv. kennari víst með fullum eptir launum og góðum ástæðum hefi ekki meira en 50 krónu útsvar.
hr. Sigurður Kristjánsson bóksali hefur 60 krónur er víst mjög vel efnum búinn, og hefur mikla verzlun og bestu ástæður.
hr. Sigurður Jónsson fangavörður með aðeins 18 krónu útsvar, sem má líklega ætla að hafi vissar 2000 krónur árstekjur og ástæður víst bærilegar.
hr. Magnús Benjamínsson úrsmiður sem er gjört 45 krónu útsvar, hann er víst mest notaður nú af úrsmiðum bæjarins, þar hann að undanförnu hefur haft mann við úrviðgerðir og goldið honum kaup, sem hann hefði líklega ekki gjört hefði það ekki borgað sig einnig vinnur kona hans við úraviðgerð, auk þess hefur Magnús alt það sem til fellst frá því opinbera, svo sem kirkjuúrið sem hann kvað fá 85 krónur fyrir um árið að láta það slá og ganga, ekki er ómegðinni hjá manninum.
Nú ætla eg að leyfa mjer að fara framm á við nefndina að lækka útsvar mitt um 20 krónur svo, að það verði 45 krónur, og jafni þessum 20 krónum niður á framan ritaða herra eða ef það ekki álitst gjörandi þá að hækka útsvar Magnúsar úrsmiðs svo að það verði

eins og mitt nefnl. 65 krónur því jeg get ekki fundið sanngirni í því að hann hafi lægra útsvar enn jeg eptir minni skoðun og þekkingu á efnum og ástæðum okkar.

Virðingarfyllst

Reykjavík, 14. Des. 189~~5~~
1895

E. Þorkelsson
úrsmiður

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Svarað 17/1.

No 4. 16/12. Lækkað um 3 kr. (úr 10 - í 7)

Hjer með leifi eg mjer að fara þess á leit við hina heiðruðu niðurjöfnunarnefnd, að hún lækki útsvar mitt að minsta kosti allt að helming við það, sem nú er lagt á mig; (10 kr.) og sem ástæður fyrir beiðni minni, vil eg nefna: að eg er orðinn gamall, kominn á sextugs aldur, er efnalaus og hefi mjög svo litla atvinnu. Jafnframt leifi eg mjer að benda á það að Guðmundi Brynjólfssyni trjesmið er gert jafnt útsvar mjer, og Þórði prentara Sigurðssyni eru gerðar 12 krónur í útsvar; og þessir menn, sem eg hefi tekið hjer til samanburðar, hafa góða atvinnu árið um kring, og standa því langtum betur að vígi en eg. Álít eg því þetta með þeim ástæðum sem áður eru greindar, ærið nóg tilefni til að eg megi fara fram á því linun á útsvari mínu, er eg tók fram.

Virðingarfyllst.

Reykjavík, 12. desember 1895.

Jakob Þorbergsson.

Til

Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

№ 5. 17/12. Lækkað um 2 kr sv. 17/1.

Háholti þann 16 Desember 1895

Það er útlit fyrir að Niðurjöfnunarnefndin þekki ekki ástæður mínar þarið hún leggur meira á mig einirka mann með 5 börn en aðra suma, sem eiga 1, og sumir 2 börn og sumir ekkert.
Grímur Jakobsson á Litlaseli á 1 barn sjálfbjarga og hefur 6 krónur
Guðmundur Þorkelsson Pálshúsum á tvo drengi, annar kominn upp en hinn á 13 ári, hann hefur 10 króna útsvar, en jeg átta allir sjá menn á ástæðunum.
Hermann í Brekku á að borga 5 kr. og á 1 dreng sem er kominn að fermingu, en hin börnin uppkomin

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ingvar í Byrtingaholti borgar 9 kr. prýðilega fnægur og hefur engann ómaga Jón í Skipholti borgar 4 kr og hefur 1 barn. Oddgeir í Oddgeirsbæ borgar 4 kr. og hefur lengi verið barnlaus, og optast góða atvinnu betri en jeg. Oddur í Brautarholti borgar 6 kr hann á þó ekki nema 4 börn
Oddur í Lindarbrekku borgar 6 kr. býr ágætlega og hefur ekkert barn
Jón Einar prentari borgar 4 krónur á 2 börn og hefur ágæta atvinnu.
Epter krónutali er ekki hátt útsvar á mjer, en úr því ekki þurfti að leggja nema 4 eða 5 krónur á menn í kring um mig, sem eiga sumir 1 barn, en sumir ekkert, þá var það athugaleysi að leggja á mig 9 kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg ber það traust til Nefndarinnar
að hún lækki á mjer um 3 krónur
því jeg vil ekki borga hærra
útsvar en barnlausir menn, enda
má Nefndin vera ánægð við mig
á meðan jeg basla hjálparlaus með
minn hóp, því jeg ligg hvorki í leti
eða óreglu. Jeg treysti ykkur til að
líta á þetta með sanngirni.

Virðingarfyllst
Einar Einarsson

Til Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

No 8. 20/12 Lokkað um 2 kr. svar. 17/1

Steinunn Þ.... 19 Desbr 1895

Mer þykir undarlegt hvernig Fátækranemdin leggur á okkur gjöldin, því mjer finnst þau mjög misjöfn.
Guðjón á Móbergi borgar 8 kr og hefur 1 barn. Óðelur í Lindar brekku, borgar 6 kr, og hefur aldrei haft ómaga. Sveinn Guðmundsson í Sveinsbæ borgar 10 kr og ~~er~~ á 2 uppkomin börn.
Albert Þorvaldsson Setbergi borgar 10 kr og er barnlaus.
Sigurður Jónsson Kasthúsum borgar 6 kr og er barnlaus, jeg get talið fleiri ef mjer þætti þess þurfa. Jeg á að borga 9 kr. og hef 3 ómaga 2 börn og gamalmenni nærri því sjónlaust. Þegar maður athugar ástæður mínar og þessara manna sem hjer eru taldir, þá dylst það engum, að útsvar mitt er ofhátt í samanburði við þá.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nú eru það mín vinsamleg tilmæli
til hinnar heiðruðu niðurjöfnunarnemdar
að hún lækki útsvar mitt um 2 kr.
því í samanburði við aðra er það
sanngjarnt og rjett.

Virðingfylst.

Ásmundur Magnússon

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

No 7. 17/12 Fellur niður
Svar. 12/1.

vegna þess að hin háttvirta
niðurjöfnunarnefnd í Reykjavík
hefur nú sem fyr jafnað aukaútsvari á Ekkjuna Guðrúnu Jónsdóttur
í Reykjavík enn vegna þess að
að hún er nú orðin fjörgömul og
aumingi til heilsu og þarað auk
fjelítil þá vildi jeg leifa mjer fyrir
hennar hönd að fara þess á leit
hvort að niðurjöfnunarnefndin
ekki vildi nú frija hana við aukaútsvar þettað ár þar hún hefur
nú borgað mörg undanfarin ár
fátækragjöld og orðin yfir 80 ára gömul

virðingarfylst

Reykjavík 16 desember 1895 Eyjúlfur Steingrímsson
fyrir Guðrúnu Jónsdóttur

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

№ 9. 27/12. Svarað 17/1. Óbreytt.

Þareð jeg álít að aukaútsvar það, sem á mig hefir verið lagt fyrir næsta ár, sem sje:

<u>240 Krónur</u>

sje of hátt, vildi jeg leyfa mér að ónáða hina heiðruðu nefnd, með fáeinum línum, til að leiða rök að þessari skoðun minni.
Þegar á er litið að eldri og yngri verzlanir, sem að meira og minna leyti hafa aflað sjer viðskiptavina og eru orðnar þekktar meðal almennings, er gjört mikið minna útsvar, svo sem Kaupm. W.O. Breiðfjörð, efnamanni, ómagalausum, sem á stóra verzlun eru aðeins gjörtar

<u>140 Krónur.</u>

Ensku verzluninni <u>110 Krónur</u> —— og
Verzluninni „Edinburgh" <u>150 Krónur.</u>
sem báðar eru eignir útlendra auðmanna, og báðar hafa hjer, ekki einungis smákaupa-skipti, heldur einnig stórkaupa- og umboðs verzlanir, sem þeim er hagt þar sem eigandi eða eigendur dvelja erlendis
Það sem jeg get hugsað að sjerstaklega hafi vakað fyrir hinni heiðruðu nefnd, mun hafa verið skip þau, sem jeg framvegis kem til með að hafa undir höndum; en þar sem einum af hinum heiðruðu nefndarmönnum er kunnugt, hvað þilskipa-útvegur hefur gefið af sjer undanfarið, þá get jeg varla hugsað að nefndin hafi lagt á væntanlegan tekjuauka af útgjörð, sem um mörg undanfarin ár, einungis hefir verið tap af.
Annað það sem hin heiðraða nefnd kann að hafa litið á, eru eignir þær, sem hjer eptir verða mínar; þar leyfi jeg mjer að benda á að nefndin er eigi nógu kunnug til að þyngja á mjer þeirra ástæða vegna, þar ed talsverðar skuldir koma til með að fylgja eignum þeim, sem jeg tek við.
Það sem jeg sjerstaklega vil leyfa mjer að benda hinni heiðruðu nefnd á, er að jeg er maður með vaxandi ómegð, og byrja nú verzlun og þarf að afla mjer viðskiptavina, tek við útgjörð, sem um undanfarin ár aðeins hefir verið tap við, tek auðvitað við eignum en jafnframt við talsverðum skuldum, þegar hin háttvirta nefnd hefir tekið þessar mínar ástæður til íhugunar, þá vænti jeg þeirrar sanngirni af hennar hálfu að hún sjái að útsvar mitt sje gjört mjög hátt, og vænti jeg þess að því verði breytt og hliðsjón tekin af útsvörum þeim, sem verzlunum þeim eru gjörð, sem jeg að ofan

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hefi leyft mjer að benda til, því þegar litið er á efnahag og ástæður mínar og Kaupm. W. O. Breiðfjörðs, þá finnst mjer mitt útsvar vera hátt verði það gjört hærra en herra Breiðfjörðs.–

Reykjavík 27. Desember 1895.

Virðingarfyllst.

Hr. Hannesson

Til

niðurjöfnunarnefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

N° 10. 30/12. Lækkað úr 12 kr niður í 5 kr
Svar. 12/1.

Reykjavík 28. desember 1895

Eg leyfi mèr virðingarfyllst að biðja hina heiðruðu niðurjöfnunarnefnd að athuga aukaútsvarið, sem á mig er lagt í vetur, þareð mèr finnst upphæðin, 12 krónur, meira en efni mín og ástæður heimila, í samanburði við aðra. Til samanburðar tek eg Elis Magnússon, búðarmann hjá Thomsen, sem hefur 600 krónur í laun, á hann er lagt 6 krónur, og Carl Hemmert hjá Bryde með 700 króna laun og 8 króna útsvar. Eg hef að eins fengið 357 krónur í laun fyrir síðast liðna 12 mánuði, og hef ekki von um að fá meira á komandi ári. Þessutan verð eg að styrkja foreldra mína.

Þess vegna vogum eg nú að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

N= 11. 31/12. Gjaldið fellt niður
svarað 17/1.

Jeg undirskrifaður Þorsteinn Egilsson leyfi mjer hjermeð að fara þess á leit, að hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd mætti þóknast að færa niður, að mun, aukaútsvar það 12 kr., er hún lagði á mig við niðurjöfnun í nóvembermánuði síðastliðnum, af því mjer þykir það alltof hátt sett, af ástæðum þeim er jeg nú mun taka fram.

Undanfarin ár hef jeg verið í vinnumannsstöðu og þurfti jeg þá, eptir megni, að sjá fyrir fátækum foreldrum mínum, en síðastliðið vor keypti jeg mjer lausamannsbrjef, af því jeg áformaði að fara að nema sjómannafræði á stýrimannaskólanum. Á skóla þennan gekk jeg í októbermánuði í haust og hlýt að dvelja þar í 3-4 vetur þar til jeg verð fullnuma. Jeg verð eingöngu að ala önn fyrir mjer sjálfur, og það sem jeg framfleyti mjer með er, þar sem jeg má heita efnalaus maður, að eins það, sem jeg get innunnið mjer ~~sem~~ háseti á þilskipi á vorin og fyrri part sumars, þegar skólatíminn er úti; því þó jeg í sumar leið hafi verið við

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vegavinnu landssjóði; því get jeg það ekki
framvegis, því nauðsynlegt er að nota allan
þann tíma, sem maður ekki er á skólan-
um, til þess að venjast sem mest sigl-
ingum á þilskipum, og vona jeg að hin
heiðraða nefnd viti, að hásetakaupið á þilskipi
er ekki svo arðsamt, að hann gefi af sjer
meira en það, sem með sparsemi nægir til
að framfleyta lífinu einungis skólatímann
þegar enga atvinnu er hægt að hafa.

Mjer þykir það því undarlegra að jeg skyldi
verða svona hart úti hjá hinni heiðruðu
nefnd, sem, mjer vitanlega, ekki hefur
verið lagt útsvar á nokkurn annan
af þeim sem nema á stýrimanna
skólanum, að Guðmundi Kristni Ólafssyni
undanteknum; en Guðmundur þessi, sem
undanfarin ár hefur búið á Seli, hefur
í nokkur ár verið skipstjóri á þilskipi
og er af öllum álitinn velefnaður
maður, en því leggur hin heiðraða nefnd
aðeins 6 kr. minna á mig en hann.

Af framantöldum ástæðum leyfi jeg mjer
því að mælast til að hinni heiðruðu nefnd mætti
þóknast annaðhvort að láta mig vera öldungis
lausan við útsvar, eða ef hún sér sjer það ekki
fært, að hún þá færði það niður að mun.

Reykjavík 30 desember 1875
Virðingarfyllst
Þorsteinn Egilsson

Til niðurjöfnunarnefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

No 12. 31/12. Gjaldið fellur niður.
Svarað 17/1. 1896.

Af niðurjöfnunarskrá þeirri fyrir árið 1895 sem lögð var fram bæjarbúum til sýnis í byrjun þessa mánaðar, sje jeg að á mig hefur verið lagt 6 Kr. aukaútsvar fyrir næstkomandi ár. – En með því að svo er ástatt að jeg rek ekki mína eigin eigin atvinnu og er naumast feingur fær um að hafa ofanaf fyrir mjer sjálfur finnst mjer því ekki samgjarnt að leggja þetta gjald á mig, enda er jeg að öllu leiti á vegum tengdasonar míns Þorsteins Jónssonar járnsmiðs og lifi að öllu leiti í hans brauði. Vona jeg því að hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd felli gjald þetta burtu

Reykjavík 27 Desembr 1895
Bjarni Kolbeinsson (handsalað)

Að ofanrituð skýrsla sje rjett [illegible]
Þorst. Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

N= 13. 2/1. Fellur burt.
Svar. 12/1.

Eptir að jeg hafði lesið og yfir farið aukaútsvars-skrá Reykjavíkur fyrir árið 1896, þá fann jeg strax, að mjer er ekki gjört hlutfallslega rjett útsvar í samanburði við aðra unga menn á rek við mig, þegar tekið er til lit til ákvæðisins, efna og ástæða, sem niðurjöfnunin á að grundvallast á.

Mjer er gjört að greiða 8 kr. í aukaútsvar manni sem ekkert á og einga atvinnu hefi.

Brutto tekjur mínar urðu yfir vorið og sumarið 150 kr. Í vetur er jeg atvinnulaus.

Elís Magnússyni verslunarmanni er gjört að greiða í aukaútsvar 6 kr. Hann hefir þó 600 kr. í kaup, og er einhleypur að því sem jeg þekki.

Karl Hemmert er gjört að greiða 8 kr. eins og mjer, en hann hefir líka 700 kr. í kaup um árið. Er einhleypur að því sem jeg þekki.

Ef nú að mjer væri gjört rjett útsvar, þá er þeim gjört of látt því að munurinn á inntektum okkar Elísar er eins og 8 á móti 32 og okkar Hemmerts eins og 8 á móti 37 og er slíkt ekki með öllu sanngjarnt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg vonast nú til hinnar heiðruðu niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur, að hún sjái þennann geysi mismun, og taki hann til greina, og lækki útsvar mitt hlutfallslega við hinna.
Sem sagt vona jeg alls hins besta og rjettasta af hendi hinnar heiðruðu niðurjöfnunarnefndar og leyfi mjer jafnframt að biðja hana um endil. svar uppá þessa umkvörtun mína

Reykjavík 2/1 1896

Olafur Thordersen

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

№ 14. 3/1. Svarað 17/1
Lækkað um 30 kr. (úr 100 kr. í 70 kr.)

Með því að jeg ekki fæ betur sjeð, en að upphæð aukaútsvars þess, sem á mig hefur verið lagt fyrir árið 1896 sje hlutfallslega of há í samanburði við útsvör ýmsra annara gjaldenda, leifi jeg mjer hjermeð samkvæmt 23. gr. í tilsk. 20. apríl 1872 að bera mig upp undan þessu við hina heiðruðu niðurjöfnunarnefnd.

Eins og nefndinni ef til vill er kunnugt gegndi jeg, sem þá hafði nýlokið prófi; síðastliðið ár kennslustörfum við læknaskólann fyrir þáverandi landlækni G. Schierbeck og hafði jeg fyrir það starf mitt 100 kr. þóknun á mánuði skólaárið yfir. Á síðastliðnu sumri varð jeg án nokkurs opinbers styrks að fara til Kaupmannahafnar til þess að dvelja þar á fæðingarstofnuninni; sú ferð kostaði mig hjer um bil 600 kr.; er þess getandi að jeg hef engar eignir af að taka. Eptir að jeg kom heim aptur í síðastliðnum Oktobermánuði, var jeg af landshöfðingja settur til þess fyrst um sinn að þjóna hjeraðslæknisembættinu hjer í Reykjavík með fullum launum (2700 kr.) meðan það embætti er óveitt, og hef jeg enn þann starfa á hendi, en það er með öllu óvíst hvað lengi konstitution mín varir. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til samanburðar við það, að hin-
heiðraða nefnd hefur eptir ofangreindum
ástæðum og efnum gjört mjer að greiða
100 kr. útsvar leifi jeg mjer sjerstaklega að
benda á útsvar það, sem lagt hefur verið á
læknaskólakennara Guðmund Magnússon
og settan adjunkt Cand. mag. Þorleif
Bjarnason. Hinn fyrnefndi hefur verið
fast skipaður embættismaður á 4. ár, en
docent við læknaskólann síðan 1. júlí
1894; hafði hann áður um tvö ár þjónað
ardsömu hjeraðslæknisembætti. Síðan hann
kom til Reykjavíkur hefur hann haft að minnsta
kosti eins miklar tekjur af læknisstörfum
sínum eins og hjeraðslæknirinn. Auk þess
hefur hann heimilisástæður ljettar, en jeg
er nýbúinn að reisa bú og þarf að leggja fram
allmikinn kostnað eptir efnahag mínum
til þess að afla mjer nauðsynlegra búsgagna.
Þrátt fyrir þetta er mjer gjört 20 kr. hærra
útsvar en honum.
Kandidat Þorleifur Bjarnason sem um undan-
farin ár hefur haft allgóðar tekjur af
kennslu hjer í bænum, er alveg á sama hátt
og þá sama tíma, sem jeg, settur til að
gegna embætti því, sem hann þjónar, og
hefur, að því er mjer frekast er kunnugt,
þónokkrar tekjur fyrir utan laun sín
sem settur adjunkt. Auk þess eru ástæður
hans að því leiti betri en mínar, að
hann er með öllu einhleypur maður.
Samt hefur honum ekki verið gjört hærra

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

útsvar en 50 kr., eða helmingi lægra en nýju

Af ofannefndum ástæðum leifi jeg mjer að fara þess á leit að hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd færi útsvar mitt niður að minsta kosti um 50 kr., eða svo mikið að það ekki verði hærra en útsvar setts adjunkts Þorleifs Bjarnasonar og hæfilegum mun lægra en útsvar barnaskólakennara Guðm. Magnússonar.

Reykjavík 30. Desember 1895.

Guðmundur Björnsson
settur hjeraðslæknir

Til

Niðurjöfnunarnefndar
Reykjavíkur-kaupstaðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nr. 15. 4/1. Fellur niður

Svarað 12/1.

Hérmeð leyfi eg mér að fara framm á, að hinni heiðraðu niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur þóknist, að lækka gjald það til bæjarsjóðs sem hún (nefndin) hefir lagt á mig, þareð eg get sannað, að eg - vegna heilsuleysis - er engann veginn fær um að borga þetta. Medfylgjandi vottorð frá herra lækni Guðm. Björnssyni sannar að þessi krafa min til niðurjöfnunarnefndarinnar er ekki ósanngjörn.

Í öðru lagi: hefi eg als ekki haft neina atvinnu af handverki minu hér í vetur, og hefði aldrei komið hingað til bæjarins síðastliðið haust, ef eg hefði ekki verið knúður til þess, til að reyna að fá lækningu á sjúkdómi minum.

Þetta vona eg að hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd taki til álita, og láti sér skiljast, að eg er als ekki fær um að borga neitt bæjargjald.

Virðingarfyllst

Vesturgötu 32 þ. 3 januar 1896

Ari Arason

(Söðlasmiður.)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ari Arason Vesturgötu 32
er flogaveikur og hefur verið
undir læknishendi í vetur

Rvík 3/1 – 1896

G. Björnsson

settur héraðslæknir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

№ 16. 4/1. Svarað 17/1.
Lækkað um 10 (úr 60 : 50)

Af niðurjöfnunarskránni fyrir þetta nýbyrjaða ár sé jeg að útsvar mitt frá í fyrra hefur verið hækkað um 25 kr., eða úr 35 kr., sem jeg þá með kæru fékk það lækkað í, og upp í 60 kr. Af því að þetta útsvar mitt er bæði allt of hátt, þegar haft er tillit til efna minna og kringumstæðna og það borið saman við aðra bæjarbúa í líku reki, og í annan stað af því, að ástæður mínar hafa ekki breytzt neitt til batnaðar frá því í fyrra, í öllu falli ekki svo, að ástæða sé til að hækka útsvar á mér í ár, en láta það standa í stað hjá öðrum atvinnurekandi bæjarbúum, mörgum hverjum miklu betur efnuðum en mjer — og sem jeg nú skal benda á — þá leyfi jeg mér að kæra yfir útsvari mínu í ár til hinnar háttvirtu niðurjöfnunarnefndar.

Til stuðnings kæru minni skal jeg leyfa mér að bera mig saman við eptirnefnda menn:

1. H. J. Bartels kaupmaður rekur arðsama verzlun sem hlýtur að gefa meira af sér, en mitt handverk, og jeg hef við ekkert annað að styðjast en iðn mína. Hann ætti því óefað að hafa hærra útsvar en jeg, enda er hann húseigandi og efnaður maður.
2. Benedikt S. Þórarinsson kaupmaður rekur líka verzlun, sjálfsagt eins arðsama og mín iðn er, en hann er þó látinn sitja við sama og í fyrra, nl. 30 kr., þrátt fyrir það þó hann hafi byggt stórt hús, og eigi það að mestu eða öllu leyti skuldlaust, en jeg á ekkert hreysi yfir höfuðið og er húsvilltur að auki eptir 14. maí. —
3. Þá er Björn Guðmundsson múrari einnig látinn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sitja við sömu útsvarsupphæð, 45 kr, eins og í fyrra og sér það þó hver maður að hann hlýtur að geta og eiga að bera talsvert hærra útsvar en jeg, þar sem hann hefur keypt sér fiskiskip, á stórt hús og hefur þar að auki góða atvinnu.

4. Þá er Gísli Finnsson járnsmiður; hann rekur eins arðsama atvinnu og jeg, er húseigandi, en er þó látinn hafa 30 kr. útsvar, óbreytt frá í fyrra.—

5. Sama má segja um Þorstein Tómasson járnsmið; hann á stórt steinhús, sem hann hefur miklar tekjur af árlega og drífur þar að auki arðsamari atvinnu en jeg, en er þó að eins látin hafa 35 kr. útsvar. Hann ætti efalaust að hafa miklu hærra útsvar en jeg, og í öllu falli var meiri ástæða til að hækka á honum en mér, en það hefur þó ekki verið gjört.—

6. Þá get jeg loks ekki bundizt þess að bera mig saman við Helga kaupmann Helgason. Hann hefur einar 75 kr. í útsvar og hefur haft það að undanförnu. Helgi er eða má heita stóreignamaður í samanburði við aðra bæjarbúa á hans reki, rekur arðsama verzlun og útveg á 2 þilskipum. Þegar ekki er ástæða til að hækka neitt á svoleiðis manni, þá er sannarlega engin ástæða til að hækka á mér og mínum líkum; því að þó jeg viðurkenni dugnað hans og ráðdeild, þá er mér óhætt að fullyrða að jeg þarf að vinna eins mikið og hann og þar að auki að vaka marga nótt til þess að geta haft ofan af fyrir, og gerir þó ekkert betur en mér takizt það, og ekki er jeg farinn að leggja upp neina peninga enn þá.—

Þegar jeg hef nú borið mig saman við þessa menn, sem hér eru taldir, get jeg ekki betur séð, en hverjum, sem líta vill óhlutdrægt á, en að útsvar mitt sé

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fullhátt sett eins og það var í fyrra, eða 35 kr., og jeg er sjálfur sannfærður, að það er enda talsvert ofhátt í samanburði við flesta þá, sem jeg hef nú talið. En af því jeg ekki mundi hafa kært undan því þó það hefði verið látið vera eins nú eins og í fyrra, þá læt jeg mér nægja að krefjast þess, að hin háttvirta niðurjöfnunarnefnd færi útsvar mitt í ár niður í 35 krónur. —

Reykjavík 2. janúar 1896
Virðingarfyllst

Reinh. Andersson Skræder

Til
Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

№ 12. 8/1. Fellur niður
Svarað 17/1.

Eg undirskrifaður Otto N. Þorlaksson leyfi mjer hjermeð að tilkynna hinni heiðruðu niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkurkaupstaðar að aukaútsvar það er henni hefur þóknast að leggja á mig, þynnst mjer alltof hátt, og ímynda eg mjer að það sje mest af ókunnugleika sprottið; og þykist eg hafa fullar ástæður fyrir máli mínu, eins og eg nú mun sýna framá.

Eins-og hinni áður nefndu nefnd hlýtur að vera kunnugt, var prófi við stýrimannaskólann ekki lokið síðastliðið vor, fyr en í maí, og gátu þeir sem undir prófið gengu ekki farið að leita sjer atvinnu, fyr en um vorvertíðar byrjun, og þar eð eg var einn á meðal þeirra, þá komst eg ekki til sjós fyr en 18 maí að jeg fór á siglskipi vestur til Bíldudals, hvar eg rjeði mig sem háseta á þilskip sem lagði út til fiskiveiða hinn 10 júní. (þangað til var eg atvinnulaus).
Skip þetta hætti fiskiveiðum hinn 19 augúst eptir að hafa aflað lítið, og þar beið eg

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

atvinnulítill þar til „Laura“ fór suður í októbermánuði; síðan hef eg dvalið hjer í bænum atvinnulaus.

Af þessu getur hin heiðraða nefnd sjeð hvaða ástæðu eg hef til að borga 10 krónur til sveitar, þar sem eg skuldugur eptir skólaveru mína hef aðeins haft rúmra þriggja mánaða litla atvinnu. Ennfremur skal eg geta þess að mjer hefur verið skrifað vestan frá Bíldudal að þar verði að öllum líkindum lagt á mig auka útsvar, sem vonlegt er þar sem eg vann þar síðast liðið ár og vinn þar aptur næsta ár.

Í sambandi við þetta leyfi eg mjer að geta þess að mjer virðist hinni heiðruðu nefnd hafi verið nokkuð mislagðar hendur, þar sem henni þóknast að leggja 10 krónur á mig en ekki nema 12 krónur á herra Jafet E. Ólafsson sem próf tók undir eins og eg en hefur verið stýrimaður í tvö ár, og þar að auki hefur hann atvinnu í allann vetur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hin heiðraða nefnd hlýtur nú að sjá að umkvörtun mín er á rökum byggð og hlýt eg því að biðja hana að lækka útsvar mitt eða gjöra mig undanskilinn að borga það.

Reykjavík 3 jan. 1896.

Virðingarfyllst.

Otto N. Þorláksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

№ 18. 16/12. Gjaldið lækkað uppí 12 kr.
Svarað 12/1.

Undirritaður leyfir sjer að beiðast þess, að gjald hans til Reykjavíkurbæjar (aukaútsvar) fyrir árið 1896 sje lækkað upp þannig að það verði alls 12 krónur.

Virðingarfyllst
Reykjavík 14. desbr. 1895
Hjálmar Sigurðarson

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar
í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nr. 20. Sv. 17/1. Óbreytt.

Af niðurjöfnunarskrá þeirri sem liggur fyrir almenningi til sýnis hef jeg sjeð, að gjald það sem jeg á að borga til fátækragjalds, eru 14 kr. fjórtán krónur; Gjaldið þykir mér nokkuð hátt og leyfi jeg mér þess vegna, að taka nokkra menn til samanburðar við mig.

Gunnar Gunnarsson Bæjarfalltröð, stendur á skránni með jafnhátt gjald og jeg 14 krónur, Enginn telur mig jafnan honum að eignum eða inntekt, þrátt fyrir það að hann hafi 2 börnum fleira

Guðm. Þorkelsson Kolslækum með 10 kr. vel staddur maður eftir því sem um er að gera með tómthúsmenn, hefur 1 barn í ómegð, Guðm Guðmsson Kröggólfsstöðum, með álíka gjald, vel staddur maður með 1 barn, Sveinn Sveinsson með líkum, með 6 kr. ómagalaus maður,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þessir menn sem jeg hef tekid
til samanburdar, sanna ad
almenníngi, á, litinn senda ad öllu
saman lögdu, efnamenni en
jeg, hvad sýnir sig, og þá er
þad eitt rjett, ad eg se ekki of hátt
gjald á mér, þá samt er of lágt
gjald á þessum öllum saman-
borinu mönnum,

Ad endíngu skal jeg
leifa mér ad benda hinni heidrudu
nefnd á, ad taka þennan samanburd
til íhugunar, þad er bædi skemtun
og fródleikur, Svar óskast

Reykjavík 14/12 - 1895

med virdíngu Jón Gudmundsson
búðstadum

Til
Nidurjöfnunarnefndarinnar
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

No 19. 31/12. Lækkað um 10 kr. ofan í 20 kr.
Svar 12/1

Af því að tekjur mínar árið 1895 naumast hafa hrokkið til að borga fæði og klæðnað og vexti af skuldum, þá finst mér niðurjöfnunarnefndin hafa gert of lítinn mun á mér og Þorleifi Bjarnasyni, sem bæði hefur haft miklu meiri tekjur, er minna skuldugur og hefir yfir höfuð betri ástæður.

Þess vegna leyfi ég mér að fara fram á, að útsvar mitt verði lækkað og gert 15–20 kr. í staðinn fyrir 30 kr.

Rvík 31/12 95. Virðingarfyllst
Bjarni Jónsson

Til
niðurjöfnunarnefndinni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Niðurjöfnunarnefnd

Reykjavíkur 17. Janúar 1896.

Með því að yfir því hefir verið kvartað af nokkrum gjaldendum kaupstaðarins, að útsvar það, sem fyrir yfirstandandi ár hefir verið lagt á yður, herra bóksali, væri hlutfallslega oflágt í samanburði við ýmsa aðra gjaldendur kaupstaðarins, þá hefir niðurjöfnunarnefndin tekið þetta mál til endurnýjaðrar íhugunar, og komizt að þeirri niðurstöðu, að kærurnar mundu eigi vera ástæðulausar, og hefir nefndinni því þótt tilefni til að hækka útsvar yðar um 10 kr. eða úr 60 kr. upp í 70 kr.

Skylduð þér mót von finna ástæðu til að mótmæla nefndri hækkun útsvarsins, óskum vér að fá skriflega vísbendingu um það, í síðasta lagi fyrir hádegi næstkomandi mánudag, 20. þ. m.—

Hallgr. Sveinsson
p. t. formaður.

Bóksali Sigurður Kristjánsson
Rvk.

Innivist

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

№ 21. 17/1.

Án nokkurs tillits til þess, hvaða skaðann gjaldendur bæjarins hafa um útsvar mitt, hlýti ég gerðum hinnar háttvirtu niðurjöfnunarnefndar hvað framangreinda lækkun á útsvari mínu snertir.

Virðingarfyllst

Reykjavík, 17. jan. 1896. Sigurður Kristjánsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

No. 22   20/1.   Svarað 20/1.   Hækkuð úr 110 í 135 kr.

BRITISH CONSULATE
REYKJAVIK

ENSKA VERZLUN.

W. G. S. PATERSON,
VERZLUNARSTJORI.

Reykjavík, 18. janúar 1896

Til
Niðurjöfnunarnefndarinnar í Reykjavík

Með bréfi dags. í gær hefur hin heiðraða niðurjöfnunarnefnd tilkynnt mér að hún hefur fundið ástæðu til að hækka útsvar Ensku verzlunarinnar fyrir yfirstandandi ár úr 110 krónum upp í 150 kr. Aðalástæðan til þessarar breytingar, sem nefndin tilfærir, er að verzlunin "mun stórum hafa aukizt við flutninginn í nýtt og betra húsnæði". Að verzlunin muni aukast í framtíðinni í sínu nýja húsnæði þykir mér eigi ósennilegt, en ennþá hefur sú eftirþráða breyting ekki sýnt sig, og þareð mér skilst að niðurjöfnunin sé byggð á núverandi efni og ástæðum gjaldanda, en ekki á framtíðar-vonum þeirra, finnst mér að nefndin hefur miklu fremur ástæðu til að lækka útsvar Ensku verzlunarinnar en að hækka það. Vegna þess að verzlunin neyddist til að flytja tvisvar síðastliðið ár, með talsverðum kostnaði, og neyddist til að verzla í sjö mánuði, helzta verzlunartíma ársins, í mjög óhentuga húsnæði, sem hafði mjög skaðleg áhrif á verzlunina, og að kosta mikið til hennar núverandi húsnæði, eru ástæður hennar töluvert lakari nú en undanfarin ár, og miklu sennilegri að útsvar hennar yrði lækkað heldur en hækkað. Til samanburðar tek eg kaupmann W. O. Breiðfjörð, hans verzlun álít eg ekki arðminni en mína, á hann er lagt, samkv. niðurjöfnunarskránni, 140 kr., en á mig og Ensku verzlunina tilsamans 220 kr., og þannig á mín verzlun að bera 80 kr. þyngri byrði en hans, sem ekki virðist vera hlutfallslega rétt. Þessvegna neyðist eg til að mótmæla ofannefndri hækkun á útsvari Ensku verzlunarinnar og að biðja hina heiðruðu niðurjöfnunarnefnd að láta sína fyrstu ákvörðun standa.

Virðingarfyllst
W. G. Spence Paterson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

No 23 20/1. Óbreytt. Svarað 20. Jan.

Verzlunin „Edinborg" í Reykjavík.

Ásgeir Sigurðsson
— kaupmaður. —

Reykjavík 20. Jan. 1896

Yðar heiðraða bréf dags. 17. þ.m. hefi eg meðtekið og leyfi eg mér hérmeð að mótmæla hækkun útsvars míns af eptirfylgjandi ástæðum.

1. að upphæð sú sem nefndin hefir lagt á mig í bæinn lagi, nfl. 200 Kr., er full há samanborið við útsvör annara Kaupmanna. Eg leyfi mér að benda hinni heiðruðu nefnd á að eg verzla í minu eigin nafni og ætti því ekki að leggja á mig nema eitt útsvar, á sama hátt og gjört er við herra W. Christensen.

2. að eg er aðeins að byrja verzlun og hefi því ýmsan kostnað að greiða sem aðrar verzlanir, sem komnar eru á legg, hafa ekki.

3. að þó umsetning mín sé talsverð þá er hagurinn samt í samanburði litill, þareð eg sel flestar vörur ódýrari en almennt gerist.

Til samanburðar leyfi eg mér að benda á herra W. O. Breiðfjörð sem hefir stóra verzlun, lítinn kostnað, og er þessutan leikhúseigandi, veitingamaður o.fl., sem ætla má að hann hafi nokkurn hag af, á hann eru aðeins lagðar Kr 140.00. —

Virðingarfyllst
Ásgeir Sigurðsson

Til
Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Aukaniðurjöfnun

~~9 júlí~~ 1896

Bergur Jónsson skipstjóri
Björn Hjeronymusson lausam. Vesturg. 59 | 8
Bjarni Jónsson skósmiður

Einar Árnason, tómthúsm. frá Norðrgarði Skeiðum | 10
Einar Jónsson Einarssonar frá Skildinganesi
Einar Magnússon Holtastöðum frá Skrautholum | 8
Eyvindur Árnason trjesmiðr
Eiríkur Bjarnason, járnsmiður | 12
Guðjón Helgi Helgason tómthúsm. Laugavegi 32 | 8 –

b) — Þórðarson, tómthúsm. Hlíðarhúsum | 5
a) Gísli Jónsson, verslunarmaður | 8
Guðríður Sigurðardóttir, lausakona Lindargötu 8. | 3

Guðrún Friðfinnsdóttir, lausakona Vesturgötu 23. | 2

— " — Jónsdóttir, lausakona, Lágholti | 3

— " — Steinadóttir, — " — Laugavegi 17. | 3

x Gunnsteinn Einarsson, skipstjóri | 10

Halldóra Ólafsdóttir saumakona Mýrarhúsum
Halldór Jónsson, Litlabæ Grímsstaðaholti tómth. m. | 7

Hannes Hannesson, skósmiður | 5
Hansen Ludvig
Helga Tómasdóttir, lausakona Hóli í Kaplaskjóli | 3

Hólmfríður Hjartardóttir — " — Bræðraborgarstíg 9. | 3
Ingólfur Sigurðsson, bakari . . . | 10 –
Jensína Jónsdóttir lausak. Miðgrund | 3
Ingvar Guðmundsson trésmiðr
✓ Jóhann Jónsson skósmiður | 5
x Jóhann Þorleifsson trjesmiður frá Efstadal
✓ Jafet Ólafsson, skipstjóri

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

/ Jóel Þorleifsson trésmiður
/ Jóhanna Guðbjörg Jónsdóttir, lausak. Lindarg. 8 3 kr.

/ Jón Jónsson, tómthúsm. Sturlubæ 6 kr.

/ Jón Jónsson " frá Raudamel, Austurholti 9 kr.
/ — Magnússon, landritari 35 —
x Kári Loptsson

x Kjartan Finnbogason, söðlasmiður 5 —

/ Kristjana Margrjet Marísdóttir, lausak. Klapp. stíg 3 —
/ Kristinn Þorkelsson skósmiður
/ Kristín Gísladóttir, lausak. Laugavegi 17. 3 —

/ Margrjet Árnadóttir, " Bræðraborg 3 —
/ María Magnúsdóttir Meðalfelli í Kjós tómthús tómthúskona (500
/ Narfi Þorsteinsson, lausam. Geysi 8 —
/ Octavíus Þorláksson
/ Oddgeir Magnússon, skipstjóri 10 —

/ Ólafur Ólafsson, tómthúsm. Garðbæ 7 kr.

/ Þ— Þórðarson, — frá Sumarliðabæ 12 kr.
x Sesselja saumakona
x Sigurður Frímann Guðmundsson — Guðnabæ 4 —

/ Sólborg Steingrímsdóttir, lausakona Akurgerði 3 —

/ Steinunn Bjarnadóttir, — Laugavegi 27 3 —

/ — Gísladóttir, — Tóptum 3 —
x Sveinbjörn Sveinsson Sveinskot á Alptanesi kemur í vor 1897.
x Vídalín, Jón, kaupmaður 75 —
/ Thomsen Ditlef farstjóri
/ Vigdís Sæmundsdóttir, lausak. Þingh. str. 22 3 —

Vigfús Jósepsson, lausam. Klapparstíg 8 —
/ Vilhjálmur Kr. Jakobsson, skósmiður ÷ 319 kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Niðurjöfnun 1895 um haustið Kr. 19887.73 + procentur
6% verður 21080.95

| Pag. | | | Pag. | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Pag. 1. | 458 + 8 = | | Pag. 1 | ~~466~~ 466 | |
| — 2. | 648 | 1106 | — 2 — | 648 | 1114 |
| — 3. | 369 | 1475 | — 3 — | 369 | 1483 |
| — 4. | 258 | 1733 | 4. — | 258 | 1741 |
| — 5. | 2026 | 3759 | 5 — | 2026 | 3767 |
| — 6 | 387 + 30 | 4146 | — 6 — | 417 | 4184 |
| — 7. | 357 + 25 | 4503 | 7 — | 357 | 4541 |
| — 8. | 664 | 5167 | 8 — | 664 | 5205 |
| 1604 ~~6~~ 9 | 1559 − 20 ~~+40+25~~ | 6726 | 9. — | 1604 | 6809 |
| — 10 | 7 317 − 6 | 7043 | — 10. | 311 | 7120 |
| — 11 | 330 | 7373 | 1 — Pag. 11 — | 330 | 7450 |
| — 12 | 212 | 7585 | 12 — | 212 | 7662 |
| — 13. | 368 | 7953 | 13. — | 368 | 8030 |
| — 14. 94 | 85 + 5 + 8 | 8038 | 14. — | 94 | 8124 |
| — 15. | 933 | 8971 | 15. — | 933 | 9057 |
| — 16. | 781 (7) + 6 | 9747 | 16. | 781 | 9838 |
| — 17. | 300 | 10,047 | 17. | 300 | 10,138 |
| — 18. | 268 | 10,315 | 18. | 268 | 10,406 |
| 19. | 423 + 6 | 10,738 | — 19. | 429 | 10 835 |
| 20 | 220 5 | 10,958 | — 20. | 215 | 11,050 |

Reyk

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| No. | Amount | Total | | Pag. | Amount | Total |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 10,958 | Rullar | | | 11,050 |
| 21. | 439 +20 | 11,397 | | Pag. 21. | 459 | 11,509 |
| 22. | 587 -35 | 11,981 | | Pag. 22 | 588 | 12,097 |
| 23 | 583 -16-35 | 12,564 | | 23. | 532 | 12,629 |
| 24 | 1,265 -20+5 | 13,829 | | 24. | 1,250 | 13,879 |
| 25 | 313 +15 | 14,142 | | 25. | 328 | 14,207 |
| 26. | 603 94 | 14,745 | | 26. | 603 | 14,810 |
| 27 | 565+5 | 15,310 | | 27. | 570 | 15,380 |
| 28 | 308 +10+5+8 | 15,618 | | 28. | 331 | 15,711 |
| 29 | 536 +4 | 16,154 | | 29. | 539 | 16,250 |
| 30. | 424 374 ~~(...)~~ +42, +8 | 16,528 | | 30. | 424 | 16,674 |
| 31. | 416 | 16,944 | | 31. | 416 | 17,090 |
| 32. | 229 | 17,173 | | 32 | 229 | 17,319 |
| 33. | 433 | 17,606 | | 33. | 433 | 17,752 |
| 34. | 262 +10 9 | 17,868 | | 34. | 272 | 18,024 |
| 35. | 538 | 18,406 | | 35. | 538 | 18,562 |
| 36. | 1,498 ~~+12+50~~ 6 | 19,842 | | 36. | 1,498 | 20,060 |
| 37. | 313 +4 | 20,155 | | 37. | 317 | 20,377 |
| 38. | 415 | 20,570 | | 38. | 415 | 20,792 |
| 39. | 480 +20 | 21,050 | | 39. | 500 | 21,292 |
| 40. | 96 | 21,146 | | 40. | 96 | 21,388 |
| | | | | | 75 | 21,463 |

+ 5
+40
+40

+ 85,00
÷ 10,00
75,00

~~Eriksen~~
Fredriksen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5̄83
51
5̄32
482

Kr. 19887.73

6
119,3,22 4,5,5,5

1250

331 Kr. Eriksen

Fredriksen

6% 19887,73
1193,22
21080-95

328 539

19887
7
139109 ✗6

19887
1391
21278

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur